

Amma og draugarnir

(Sagan á bak við lagið)

Amma mín er alveg ferleg. Hún er ekki hrædd við neitt, og hún gerir stundum mjög furðulega hluti bara af því að hún fær einhverja hugdettu.

Einu sinni ákvað hún að fara að sofa undir berum himni. Það var svo gott veður, sagði hún. Hún tók ullarteppi með sér og fann sér góða laut djúpt inni í dimmu gljúfri. Ég reyndi að segja henni að þetta væri sko ekki sniðug hugmynd af því að það væri draugagangur í gljúfrinu en hún hló bara að mér og sagði að hún væri ekki vitund hrædd við drauga og að þeir fengju sko ekki að halda fyrir henni vöku eða trufla svefninn.

Amma hallaði sér út af og sofnaði fljótt. En hvað haldið þið að hafi gerst þá? Auðvitað! Draugarnir mættu á staðinn, alveg eins og ég var búin að segja.

Fyrsti draugurinn sem kom hét Skotta. Hún var með ljóta skotthúfu á höfðinu og reyndi að hræða ömmu með því að gnísta tönnum, glotta og hlæja. En amma lét ekki trufla sig lengi og var ekkert hrædd. Hún sagði Skottu að fara burt og hætta að trufla.

Næsti draugur sem kom hét Móri. Han var í rauðbrúnni ullarpeysu en það sem var alveg hræðilegt var að hann gat tekið hausinn af sér. Ég hefði sko orðið skíthrædd(ur) við að sjá það, en ekki hún amma mín! Hún sagði Móra bara að fara burt og hætta að trufla.

Þá kom þriðji draugurinn. Það var hann Glámur sem einu sinni fyrir langa löngu var næstum búinn að drepa sterkasta mann í heimi, hann Gretti. Sem betur fer tókst það ekki en þið getið rétt ímyndað ykkur hvað hann er hræðilegur. Hann er með mjög skrýtin, rauð augu og þegar hann horfir á mann eru flestir alveg frá sér af hræðslu. En ekki hún amma mín! Hún sagði Glámi bara að fara burt og hætta að trufla.

Svo kom draugur af nauti sem hét Þorgeirsboli. Hann var mjög reiður og æstur og baulaði hátt. En hún amma lét það ekkert á sig fá. Hún sagði Þorgeirsbola að hætta að vera með hávaða og fara burt.

Loks kom hann afi að leita að ömmu. „Æ, ertu hérna elskan mín? Viltu ekki koma heim?“ sagði hann. En amma vildi ekki láta trufla sig. Hún sagði afa líka að fara burt. „Ég læt engan svipta mig svefni í nótt, sama hver draugurinn er,“ sagði hún.

Var afi líka draugur eða var amma bara að ruglast?